

Þjóðminjasafn Íslands
02 902

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Þjóðminjasafn Íslands
kt. 710269-2389
Suðurgötu 41, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðminjasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin er miðstöð þjóðminjavörslu og er einnig ætlað að stunda rannsóknir á menningarsögulegum minjum jafnframt því að miðla þekkingu á menningararfi þjóðarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.047,1 milljónir og afkoma kr. -8,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 38,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 298,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðminjasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðminjasafns Íslands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	890.500.000	1.090.100.000
Seld þjónusta	3	62.065.492	33.462.531
Vórusala	4	28.054.356	13.990.472
Framlög og ymsar tekjur	5	46.492.823	60.209.983
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	19.996.345	19.968.194
Tekjur samtals		1.047.109.016	1.217.731.180
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	466.158.464	473.217.157
Framlög og tilfærslur		535.000	1.900.000
Annar rekstrarkostnaður	7	568.528.338	676.282.618
Afskriftir	8	19.996.345	19.968.194
Gjöld samtals		1.055.218.147	1.171.367.969
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(8.109.131)	46.363.211
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	10.424
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(213.714)	(138.644)
		(213.714)	(128.220)
Afkoma ársins		(8.322.845)	46.234.991
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(16.887.845)	38.734.991
Rekstrartilfærslur		8.565.000	7.500.000
		(8.322.845)	46.234.991

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		91.072.748	92.728.018
Farartæki og vélar		14.099.739	11.765.295
Aðrar eignir		2.200.921	3.116.615
Verk í vinnslu, fasteignir		1.512.881	0
		<u>108.886.289</u>	<u>107.609.928</u>
Fastafjármunir samtals		<u>108.886.289</u>	<u>107.609.928</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		19.537.994	20.327.514
Viðskiptakröfur		3.848.608	2.480.992
Tengdir aðilar	11	165.176.865	147.867.537
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		171.210	1.475.222
Handbært fé		839.344	521.370
		<u>189.574.021</u>	<u>172.672.635</u>
Veltufjármunir samtals		<u>189.574.021</u>	<u>172.672.635</u>
Eignir samtals		<u>298.460.310</u>	<u>280.282.563</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		38.737.471	47.060.316
		<u>38.737.471</u>	<u>47.060.316</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	2.394.864	4.000
Viðskiptaskuldir		44.230.840	39.306.663
Ýmsar skammtímaskuldir	13	48.773.996	45.474.600
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	164.323.139	148.436.984
		<u>259.722.839</u>	<u>233.222.247</u>
Skuldir samtals		<u>259.722.839</u>	<u>233.222.247</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>298.460.310</u>	<u>280.282.563</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(8.322.845)	46.234.991
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	19.996.345	19.968.194
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(19.996.345)	(19.968.194)
		(8.322.845)	46.234.991
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(63.604)	12.207.641
Tengdir aðilar		(19.981.170)	(91.978.193)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		8.223.573	14.890.641
		(11.031.681)	(64.850.912)
		(19.354.526)	(18.615.921)
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(19.759.825)	(10.880.253)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(1.512.881)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		210.000	0
		(21.062.706)	(10.880.253)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		5.062.706	0
Fjárfestingarframlag		16.000.000	10.880.253
Gjafaframlög til fjárfestinga		19.672.500	0
		40.735.206	10.880.253
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		317.974	(18.615.921)
		521.370	19.137.291
		839.344	521.370

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	890.500.000	1.090.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	19.996.345	19.968.194
	<u>910.496.345</u>	<u>1.110.068.194</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.023.900.000	9.100.000	0	1.033.000.000
Millifært úr varasjóð	8.600.000	0	0	8.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(151.100.000)	0	0	(151.100.000)
Fjárveiting til tekna	881.400.000	9.100.000	0	890.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(898.287.845)	(535.000)	0	(898.822.845)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(16.887.845)	8.565.000	0	(8.322.845)

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	5.081	59.928
Ýmsar þjónustutekjur	62.060.411	33.381.353
Veitinga- og gistiþjónusta	0	21.250
	<u>62.065.492</u>	<u>33.462.531</u>

4 Vörusala		
Vörusala I	8.885.716	5.172.704
Vörusala II	19.168.640	8.817.768
	<u>28.054.356</u>	<u>13.990.472</u>

5 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	7.986.446	10.637.879
Kostnaðarhlutdeild	8.071.865	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	19.756.372	44.933.654
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	10.147.270	2.582.432
Ýmsar tekjur	530.870	2.056.018
	<u>46.492.823</u>	<u>60.209.983</u>

	2021	2020
6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	376.859.411	386.671.024
Orlof, breyting	2.813.301	(3.115.626)
Launatengd gjöld	85.198.770	87.292.896
Starfsmannakostnaður	1.286.982	2.368.863
	<u>466.158.464</u>	<u>473.217.157</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	42,6	45,8
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.394.585	2.246.058
Byggingarvörur, almennar	2.596.731	2.079.187
Byggingarvörur, aðrar	100.204	540.252
Tæki og búnaður til innréttinga	149.159	116.615
Ýmis tæki og áhöld	3.479.983	2.631.586
Varahlutir og viðhaldsvörur	270.410	54.900
Orkugjafar	23.924.565	30.710.941
Matvæli	14.515.050	6.584.981
Almennar rekstrarvörur	6.464.116	7.261.200
Vörukaup, almenn	53.894.803	52.225.720
Rannsóknarstofuefni	6.227	84.815
Kennslu- og fündurvörur	7.749	0
Ýmsar sérgreindar vörur	1.145.899	218.007
Vörukaup, sérgreind	1.159.875	302.822
Fundir, námskeið, risna	1.222.026	908.108
Ferðir, uppihald	4.238.714	1.493.159
Akstur	2.219.648	1.302.784
Sérfræðiþjónusta	71.188.793	109.207.531
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.219.073	813.025
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.048.625	8.782.702
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	8.940.966	9.519.100
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	95.077.845	132.026.409
Afnotagjöld	36.195.409	30.387.058
Leigugjöld	291.892.557	356.164.117
Notkun véla og flutningatækja	1.693.887	4.066.905
Verkkaup	70.637.014	90.710.013
Kostnaðarhlutdeild	150.000	0
Tryggingar, lögboðnar	1.832.744	1.675.660
Opinber gjöld	1.525.648	1.288.611
Tapaðar kröfur	6.000	177.080
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	403.933.259	484.469.444
Annar rekstrarkostnaður samtals	568.528.338	676.282.618
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	16.236.744	15.737.161
Farartæki og vélar	2.569.594	2.938.991
Aðrar eignir	930.694	1.018.939
Sölutap og úreltar eignir	259.313	273.103
	19.996.345	19.968.194

Skýringar

	2021	2020
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	2.226	0
Dráttarvextir	211.488	138.644
	<u>213.714</u>	<u>138.644</u>

31.12.2021 31.12.2020

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	91.072.748	92.728.018
Farartæki og vélar	14.099.739	11.765.295
Aðrar eignir	2.200.921	3.116.615
	<u>107.373.408</u>	<u>107.609.928</u>
Verk í vinnslu, fasteignir.....	1.512.881	0
	<u>108.886.289</u>	<u>107.609.928</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	176.391.218	27.441.382	11.019.655	214.852.255
Viðbætur á árinu.....	14.840.787	4.904.038	15.000	19.759.825
Selt/úrelt á árinu.....	(703.340)	(970.687)	0	(1.674.027)
	<u>190.528.665</u>	<u>31.374.733</u>	<u>11.034.655</u>	<u>232.938.053</u>
Afskriftir 01.01.2021	83.663.200	15.676.087	7.903.040	107.242.327
Afskrift ársins.....	16.236.744	2.569.594	930.694	19.737.032
Selt/úrelt á árinu.....	(444.027)	(970.687)		(1.414.714)
	<u>99.455.917</u>	<u>17.274.994</u>	<u>8.833.734</u>	<u>125.564.645</u>
Staða 31.12.2021	<u>91.072.748</u>	<u>14.099.739</u>	<u>2.200.921</u>	<u>107.373.408</u>

31.12.2021 31.12.2020

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	103.622.254	108.557.537
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	61.554.611	39.310.000
	<u>165.176.865</u>	<u>147.867.537</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	2.394.864	4.000
	<u>2.394.864</u>	<u>4.000</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	47.060.316	(6.303.981)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	7.129.306
Afkoma ársins	(8.322.845)	46.234.991
Jöfnuður 31.12.	<u>38.737.471</u>	<u>47.060.316</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	47.083.691	44.270.390
Önnur ógreidd gjöld	925.360	1.008.225
Skattar	764.945	195.985
	<u>48.773.996</u>	<u>45.474.600</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	108.886.289	107.609.928
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	55.436.850	40.827.056
	<u>164.323.139</u>	<u>148.436.984</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	107.609.928	40.827.056	148.436.984
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	16.000.000	16.000.000
Gjafir til fjárfestinga	0	19.672.500	19.672.500
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	210.000	210.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	1.512.881	(1.512.881)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	19.759.825	(19.759.825)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(19.996.345)</u>	<u>0</u>	<u>(19.996.345)</u>
	<u>108.886.289</u>	<u>55.436.850</u>	<u>164.323.139</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 20,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, bæði ótímabundna og tímabundinn til loka maí 2036, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 297,9 milljónir. Aðrir samningar vegna rekstur og þjónustu eru bæði ótímabundnir og tímabundnir til september 2023, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr.75,3 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.